

Reglugerð um leiðbeinandi reglur um val á keppendum í unglingaverkefni á vegum SKÍ

1. **Hvað eru unglingaverkefni?** Verkefni fyrir unglinga á aldrinum 14-20 ára sem Skíðasambandið sendir keppendur til þátttöku á s.s. Ólympíuhátíð Æskunnar og aðrar keppnisferðir erlendis þar sem keppt er fyrir Íslands hönd. Velja skal fjölda og kyn til keppni á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í alpa- og skíðagöngugreinum, samkvæmt ákvörðun AENOC og viðkomandi framkvæmdaaðila þar um. Heimsmeistaramót unglinga fellur ekki undir skilgreininguna unglingaverkefni SKÍ.
2. **Hverjir eru gjaldgengir í unglingaverkefni SKÍ?** Allir sem eru á tilskyldum aldri og hafa keppnisleyfi SKÍ.
3. **Hvernig eru þátttakendur valdir?** SKÍ í samvinnu við sérgreinanefndir, landsliðsþjálfara og/eða unglingaliðsþjálfara velur þátttakendur. Sé þess kostur, gefur SKÍ út, í upphafi hvers árs, hversu marga þeir hyggjast senda í hvert verkefni. Keppendur eru síðan valdir til þátttöku með eftirfarandi hætti:
 - **Út frá stöðu í bikarkeppni SKÍ** Ef 2 eða fleiri bikarmót hafi farið fram áður en val á þátttakendum er tilkynnt skal velja út frá stöðu í samanlagðri bikarkeppni SKÍ í viðkomandi aldri.
 - **Með úrtökumóti.** Sé ekki unnt að velja út frá stöðu í bikarkeppni SKÍ, (það gildir einnig ef val á keppendum er úr tveimur flokkum bikarkeppni SKÍ) skal halda úrtökumót. Skal það haldið eins nálægt umræddu verkefni og kostur er. Hafa skal þó í huga að keppendur þurfa að undirbúa sig fyrir mótin og í sumum tilvikum fjármagna ferðina, því ber að gefa nægjanlegan tíma til undirbúning. Úrtökumót skal alltaf vera haldið á sama tímabili og umrætt verkefni.
 - Hvernig fer úrtökumót fram?
 - Úrtökumót alpagreina skulu vera í föstum skorðum þar sem keppendur fara ekki færri en 3 og ekki fleiri en 4 ferðir í braut í bæði svigi og stórsvigi. Ferðirnar skulu farnar í sömu braut og skal dregið í rásröð og síðan snúið við í hverri ferð. Stefnt skal að því að leggja sérstaklega fyrir drengi og stúlkur til að brautir haldist góðar í öllum ferðum.

- Úrtökumót í skíðagöngu skulu vera í föstum skorðum þar sem keppendur keppa bæði í göngu með frjálstri og hefðbundinni aðferð. Þeir keppendur sem eru með samanlagðan bestan tíma eru valdir til þátttöku.
 - **Út frá árangri s.l. vetrar og þátttöku á samæfingum SKÍ.** Sé ekki unnt að velja keppendur sbr. ofangreindar greinar (3.1 og 3.2) skal miða val í unglingaverkefni SKÍ við árangur frá undangengnum vetri. Við valið skal fyrst og fremst fara eftir úrslitum í bikarkeppni SKÍ og nýjasta FIS-listanum. Þó skal hafa til hliðsjónar úrslit í bikarkeppni SKÍ ásamt einstökum úrslitum móta síðustu tveggja ára.
4. **Undanþága frá reglum þessum.** Sé það sannarlegt að unglingur, sem búsettur er erlendis eða hefur átt við meiðsli eða veikindi og af þeim ástæðum ekki tekið þátt í bikarkeppni SKÍ eða úrtökumóti, er á meðal þeirra sem velja beri í umrætt verkefni hefur SKÍ heimild til að velja umræddan einstakling til þátttöku. Það skal þó kynnt í tíma og áður en úrtökumót fara fram.
 5. **Endurskoðun.** Reglugerð um unglingaverkefni SKÍ skal tekin til endurskoðunar á hverju Skíðapingi á grundvelli fenginnar reynslu.

Samþykkt á Skíðapingi, maí 2013